

REGLUR

ríkisskattstjóra um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2019.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2019 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning fyrir tekjuárið 2019.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu. Sláturkostnaður vegna búsafurða til heimanota heimilast ekki til frádráttar rekstrartekjum.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2019 er sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Krónur</i>	<i>Eining</i>
Mjólk	90	pr. lítra
Egg	493	pr. kg
Kartöflur	97	pr. kg
Rófur	183	pr. kg
Gulrætur	353	pr. kg
Lambakjöt	354	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	150	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	103	pr. kg
Ungnautakjöt	662	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	400	pr. kg
Folaldakjöt	285	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	104	pr. kg
Grísakjöt	417	pr. kg
Annað svínakjöt	212	pr. kg
Kjúklingar	376	pr. kg
Annað fuglakjöt	616	pr. kg
Lax og silungur	673	pr. kg
Annar fiskur	311	pr. kg

Reykjavík, 11. desember 2018.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2018